Kópavogur, júní 2021

Kópavogslaug

Kópavogslaug er með 2 sérklefa, einn kvk og einn kk. Klefarnir tengjast búningsherbergjum kk og kvk með rennihurð (ekki hægt að læsa, sjá mynd 3) og hægt að komast út í laug í gegnum sturtuklefana þar. Einnig er hægt að nota innganginn að innilauginni (sjá mynd 1) og eins hægt að fara beint út á bakka í gegnum hurð hjá 50 m keppnislauginni (sjá mynd 2).



Mynd 1 – Inngangur að innilaug



Mynd 2 – Leið að keppnislaug

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



Mynd 3 - Séð inn í kvk sérklefa frá kvk klefa – lokast með rennihurð (sandblásin)

Hurðarnar inn í sérklefana eru á pumpu og opnaðir með því að nota lykla-hnapp sem er á veggnum við hlið hurðarinnar. ATH ekki er hægt að læsa að sér og hver sem er getur opnað, sjá mynd 4.



Mynd 4 - Aðgengi að sérklefa

Í klefunum eru 4 skápar sem hægt er að læsa, rafmagnsbekkur sem hægt er að hækka og lækka með fjarstýringu, sæti í sturtu og hjólastóll (sjá mynd 5).



Mynd 5 – Aðbúnaður í sérklefa

Klefarnir hafa verið opnir fyrir þá sem hafa af einhverjum ástæðum þurft á sérrými að halda. Fólk sem af trúarlegum aðstæðum má ekki baða sig með öðrum og fólk sem er með skjólstæðinga af gagnstæðu kyni í liðveislu hafa einna helst verið að nýta klefana í SLK. Klefinn er hugsaður sem klefi sem fleiri en einn geti nýtt í einu (4 skápar) og eftir minni bestu vitund hafa ekki verið neinir árekstrar hingað til. Það er hins vegar stór galli að ekki sé hægt að læsa klefanum á meðan er verið að klæða sig úr/baða sig og hver sem er getur opnað inn þegar verið er að nota þá. Eins er ekki sturtuhengi í klefanum svo ekki er hægt að loka að sér ef fleiri eru inni í einu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Salalaug

Sérklefinn í Salalaug er staðsettur í sjúkraherberginu. Starfsmenn opna fyrir gestum og merkja upptekinn (sjá mynd 6) og er gesturinn með klefann þar til hann yfirgefur sundlaugarsvæðið. Úr klefanum er sérútgangur út á sundlaugarsvæði, sjá mynd 7.



Mynd 6 – merking á sérklefa þegar hann er laus/í notkun.



Mynd 7 – Útgangur frá sérherbergi

Í klefanum eru snagar, sturta, sjúkrabekkur og hjólastóll, sjá mynd 8.



Mynd 8 – Aðbúnaður í sérklefa

Klefinn hefur verið aðgengilegur fyrir alla þá sem hafa af einhverjum ástæðum þurft á sérrými að halda. Það er ekki mikið verið að spyrja um sérklefann, en þeir sem hann hafa notað hafa lýst yfir mikilli ánægju með hann.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Vesturbæjarlaug

Vesturbæjarlaug eru með glænýjan klefa sem var sérhannaður fyrir þau. Þar sem mikið er af stigum í húsnæðinu þá var ákveðið að hafa klefann við hjólastóla innganginn þeirra. Hurðin er læst, en það er dyrasími sem er tengdur við afgreiðsluna og þannig geta starfsmenn hleypt gestum inn. Þeir sem eru með kort geta skannað sig inn (sjá mynd 9)



Mynd 9 – hjólastóla inngangur og skanni.

Þegar klefinn er í notkun (læstur) kveikja 2 ljós sem gefa til kynna að hann sé upptekinn (sjá mynd 10), eitt beint fyrir utan klefann og annað á útisvæði laugarinnar. Þetta var gert til þess að gestir, sérstaklega þeir sem eru hreyfihamlaðir, þurfi ekki að fara í fýluferð inn ef klefinn er upptekinn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026





Mynd 10 – Ljósamerking inni og út gefa til kynna að klefinn sé upptekinn.

Það er skynjari í læsingunni sem að kveikir ljósin, sjá mynd 11



Mynd 11 – skynjari í læsingu

Klefanum er skipt upp í 2 rými, í fremra rýminu er að finna 2 sturtur og 6 skápa sem hægt er að læsa með hengilás (sjá mynd 12), hengilásafyrirkomulag (gestir koma með sinn eigin eða geta keypt í afgreiðslu) er eitthvað sem að Vesturbæjarlaugin er að íhuga að taka upp.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



Mynd 12 – fremra rými

Í bakrýminu er að finna klósett, vask og skiptiborð fyrir fullorðna (sjá mynd 13), ATH þetta herbergi er hægt að loka/læsa. Það er einnig neyðarútgangur í þessu rými.



Mynd 13 – bakrými

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Á mynd 14 er hægt að sjá hvernig klefarnir eru merkti úti.



Mynd 14 – Merking úti

Klefarnir hafa verið opnir fyrir alla sem þá vilja nota, forstöðukonan nefndi fólk í kynleiðréttingu, fólk í hjólastól, gestir með liðveislu, foreldrar með börn með greiningu, foreldrar með ungabörn sem treysta sér ekki ein með það í klefa, fólk með maka sem er með einhverskonar hreyfi- eða greindarskerðingu sem gerir það að verkum að þeir/þær þurfa aðstoð sem dæmi um hópa sem hafa verið að nýta sér klefann.

Breiðholtslaug

Sérklefinn í Breiðholtslaug er staðsettur við hliðina á afgreiðslunni við World Class ganginn. Sérklefinn var áður geymsla og hluti af gangi. Klefinn er alltaf læstur og starfsmenn þurfa að opna fyrir gestum. Klefinn er einnig notaður sem sjúkraherbergi.



Mynd 15 – Inngangur að sérklefa í gegnum þurrrými.

Það eru tveir inngangar inn í klefann og 2 skynjarar sem að kveikja á ljósum við báða inngangana, sjá mynd 16. Þeir eru annarsvegar í þurr- og blautrými. Ljósin eru tímastillt og loga í ca. 15-20 mín eftir að skynjari hefur verið virkjaður (forstöðumaður varekki alveg viss hver tíminn væri).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



Mynd 16 – merkingar sem gefa í skyn að klefinn sé upptekinn

Í klefanum eru 4 læstir skápar, 2 sturtur og sjúkrabekkur. Sjá myndir að aðstöðu hér að neðan.




Mynd: Útgangur frá blautrými

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



Mynd: Sturtur



Mynd: Skápar staðsettir í þurrrými.

Eins og í öðrum laugum þá eru klefinn opinn fyrir alla þá sem hann vilja nota. Það er samt sem áður ekki mikið verið að biðja um hann.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026